
Fiskeldisfréttir

Desember 2022 1. tölublað 9. árgangur



Inngangur

valdimar@sjavarutvegur.is

Fiskeldisfréttir eru nú tileinkuð vinnubrögðunum við undirbúning og gerða laga um fiskeldi sem samþykkt voru sem breyting á lögum frá Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Í þessum blaði Fiskeldisfrétta er að finna fyrstu ársskýrskýrslu **Samfélagsverkefnis gegn spillingu**.

Í Fiskeldisfréttum eru nú jafnframt fimm greinar sem hafa áður verið birtar í Morgunblaðinu og í Bændablaðinu en þær eru:

- [Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga. Morgunblaðið 3. ágúst 2022.](#)
- [Eldisleyfin: Eign eða leiga? Bændablaðið 21. júlí 2022.](#)
- [Lög um fiskeldi og heilbrigðis og skipulagsmál. Bændablaðið 23.06.2022](#)
- [Lög um fiskeldi og samfélagsverkefni gegn spillingu. Morgunblaðið 21.06.2022](#)
- [Hagsmunagæsla, stefnumótun og stjórnsýsluúttekt fyrir fiskeldi. Morgunblaðið 16.05.2022](#)

Á árinu 2022 var megináhersla lögð á gerð rannsóknaskýrslna en gerð er grein fyrir þeim í grein á næstu síðu Samfélagsverkefnis gegn spillingu – Ársskýrsla 2022.

Það erlítið um annað

fiskeldistengt efni og er m.a. beðið eftir skýrslum sem voru boðaðar að kæmu út seinnihluta ársins, ein frá Ríkisendurskoðun og önnur frá



Hrafninn gaf mér illt auga þegar myndin var tekin af honum - Það hafa reyndar fleiri gert sem hafa ekki verið sáttir við mín skrif gegn spillingu, [meira hér](#).

[erlendu ráðgjafafyrirtæki.](#)

Í Fiskeldisfréttum hefur alltaf verið fjöldi mynda úr fiskeldi en að þessu sinni eru fyrst og fremst myndir af hrafn. Margir þekkja glysgirni hans, svo ekki sé talað um stríðnina og hversu þjófóttur hann er. Hrafninn er mikil persóna og býr yfir mannlegri hegðun. Sumir frumkvöðlar í íslensku fiskeldi geta eflaust speglað sig í hegðun hrafnsins. Í gamalli þjóðtrú segir að Guð launi fyrir hrafninn, geri þeim gott sem gauka einhverju að honum. Þrátt fyrir að vinnubrögð frumkvöðla standist ekki skoðun má ekki geyma því að framganga þeirra hefur ýmislegt jákvætt leitt af sér.



Útgefandi:

Sjavarútvegsþjónustan ehf.
ISSN 2251 5283

Ritstjórn:

Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur

Ritstjóri:

Valdimar Ingi Gunnarsson (ábm.)
GSM 695-2269
Netfang:
valdimar@sjavarutvegur.is

Vefslóð Fiskeldisfrétta:

www.lagareldi.is

Eftirprentun og tilvitnun er heimil, sé heimilda getið.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Samfélagsverkefni gegn spillingu – Ársskýrsla 2022.....	3
Hagsmunagæsla, stefnumótun og stjórnsýsluúttekt fyrir fiskeldi....	11
Lög um fiskeldi og samfélags verkefni gegn spillingu.....	13
Lög um fiskeldi og heilbrigðis- og skipulagsmál.....	16
Eldisleyfin: Eign eða leiga?.....	20
Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga.....	22

Samfélagsverkefni gegn spillingu – Ársskýrsla 2022

valdimar@sjavarutvegur.is

Höfundur vinnur í hálfu starfi við **Samfélagsverkefni gegn spillingu**. Málið varðar vinnubrögðin við undirbúning og gerða laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögin voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Fylgst hefur verið vel með málinu allt frá því að skipaður var starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi í lok ársins 2016. Höfundi ofbauð vinnubrögðin en byrjaði þó ekki að gera opinberlega athugasemdir fyrr en í byrjun ársins 2019 með **umsögn** við fiskeldisfrumvarp sem þá lá fyrir hjá Alþingi Íslendinga. Leitar var til stjórnsýslu- og stjórnmalafraðinga til aðstoðar og ráðgjafar til að tryggja að faglega yrði staðið að málum. Þeim var sent **bréf** en því miður hafði enginn þeirra tök á að koma að málinu.

Varað við

Um vorið 2019 var sendur **tölvupóstur** til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit með tveimur ítarlegum greinargerðum:

- [Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin](#)
- [Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum](#)

Varað var við að samþykkja lögin en engin viðbrögð fengust. **Auglýst** var eftir viðbrögðum í fjölmiðlum seinni hluta ársins 2019 án þess að fá viðbrögð (mynd 1). Fjölmiðlum var sendur **tölvupóstur** með greinargerðum og þeir hvattir



Það er slæm árátta hjá hrafninum að viðhafa einelti á þeim sem minna mega sín. Laxeldisfyrirtæki í meirhlutaeigu erlendra aðila stefna að því að vera stór og þannig nýtt sína yfirbuðarstöðu til að ná sínu fram gagnvart stjórnsýslunni, [meira hér](#).

til að skoða málið og viðhafa faglega rannsóknarvinnu. Á árinu 2020 byrjaði höfundur að birta fjölda greina í fjölmiðlum og kynna á samfélagsmiðlum til að upplýsa um málið (mynd 2). Upplýsa um málið var síðan

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Í byrjun þessa árs hóf undirritaður vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi. Yfirlit um málið er að finna á [lagareldi.is](#). Best er að finna allar greinar og skýrslur er tengjast málinu á [sjavarutvegur.is](#).

haldið áfram á árinu 2021 og jafnframt byrjað að senda tölvupósta á markhópa (mynd 3, viðaukar 1 og 2). Í upphafi ársins 2022 hófst formlega vinna við Samfélagsverkefni gegn spillingu (mynd 4). Gagnrýni minni hefur verið

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Undirritaður kom fyrst með opinbera gagnrýni í byrjun ársins 2019. Minni vegferð má skipta í þrjá áfanga:

- **Fyrsti áfangi – Beiðni um opinbera rannsókn (2019):** Gerð var athugasemd við frumvarp um fiskeldi, öllum alþingismönnum sendar ítarlegar greinargerðir um málið og auglýst í blöðum þar sem hvatt var til opinberrar rannsóknar. Jafnt voru fjölmiðlar hvattir til að fara í faglega rannsóknarvinnu varðandi þetta máli.
- **Annar áfangi – Upplýsa (2020-2021):** Skrifaðar voru fjölmargar greinar til að upplýsa um málið og vekja athygli á þeirri spillingu sem var viðhöfð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Almenn var það verklag haft að tekin voru fyrir umhverfismálin í Bændablaðinu og spillingin í Morgunblaðinu. Jafnframt var málið kynnt á samfélagsmiðlum og fjöldi tölvupósta sendur til ákveðinna markhópa.
- **Þriðji áfangi – sjálfstæð rannsókn (2022-2023):** Það sem ekki var orðið við þeirri beiðni minni að framkvæmd yrði opinber rannsókn á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi ákvað undirritaður fara formlega í þá vinnu í upphafi ársins 2022. Seinna ákvað nýr matvælaráðherra að fá Ríkisendurskoðun til að framkvæma stjórnsýsluúttekt á þessu máli. Gert er ráð fyrir að rannsókn undirritaðs verði á töluvert breiðari grunni en stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar.

Mynd 1. Beiðni um opinbera rannsókn



Mynd 2. Unnið að því að upplýsa um málið með að skrifa í fjölmiðla





Hrafninn heldur sig mikið á ljósa-staurum og horfir yfir sviðið. Íslenski frumkvöðlar hafa einnig horft yfir sviðið og verið duglegir að lobbíast með aðstoð aðila sem hafa góðar tengingar við áhrifamenn og vinna þannig að framgangi sinna mála, [meira hér](#)

mætt með [höggun](#) fram að þessu.

Yfirlit á einum stað

Á myndum 1 til 4 eru tengingar inn á öll skjöl sem stofnað hefur verið til vegna þessa máls. Um er að ræða rannsóknaskýrslur, greinar í fjölmiðla, beiðnir um úttektir, töluvpóstar til markhópa og einnig bréf þar sem kallað eftir gögnum. Hér er því á einum stað tengingar inn á öll gögn er varða málið. Skrifaðar hafa verið fjöldi greina sem hafa birtst í Morgunblaðinu og Bændablaðinu, en þær hafa einnig verið birtar í Fiskeldisfréttum þar sem þær mynda oftast eina heild:

- [Fiskeldisfréttir 1. tölubl. 7. árg. \(2020\)](#) - Almennt um vinnubrögðin.
- [Fiskeldisfréttir 2. tölubl. 7. árg. \(2020\)](#) - Áhættumat erfðablöndunar.
- [Fiskeldisfréttir 3. tölubl. 7. árg. \(2020\)](#) - Litlu

STUNDIN

Stundin er eini fjölmiðilinn sem með markvissum hætti gagnrýnir þau vinnubrögð sem hafa viðgangast innan laxeldis á síðustu árum. Umfjöllun snýr að stórum hluta að fjárhagslegum ávinningi ákveðinna aðila og umhverfismálum. Á árinu 2022 birtust um 40 greinar í [Stundinni um málefni laxeldis í sjókvíum](#). Það er miður að efnið er oft vond lesning en greinin getur margt gert til að bæta úr

því. Heiti á síðustu greinum í Stundinni eru eftirfarandi:

- [Myndir frá Reyðarfirði sýna stórfellt tjón og laxadauða vegna vetrarsára](#)
- [Ríkið úthlutaði fyrirtækjum norsks eldisrisa kvóta þvert á lög](#)
- [Eigandi laxeldisins á Austfjörðum einn af 27 auðmönnum sem flýr til Sviss vegna skatta](#)

laxastofnanir sem á að fórna.

- [Fiskeldisfréttir 1. tölubl. 8. árg. \(2021\)](#) - Vinnubrögðin, og fjárhagslegur ávinningur.

Það sem á að gera

Það hefur átt sér stað jákvæð þróun í málinu með nýjum matvælaráðherra. Ríkisendurskoðun og Samkeppniseftirlitið hafa m.a. verið að skoða málin. Það er ekki gert ráð fyrir að vinna ráðuneytis eða stofnanna muni taka fyrir spillinguna sem hefur verið einkennandi í þessu máli. Það mun aftur á móti vinna höfundar í Samfélagsverkefni gegn spillingu m.a. taka fyrir. Markmið með vinnu höfundar er fyrst og fremst að:

- Upplýsa um vinnubrögðin við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og á einum stað verði að finna hnitmiðaða og aðgengilega samantekt í formi bókar sem undirbyggt verður á fjölda rannsóknaskýrslna.
- Gerð verði opinber rannsókn á þeirri spillingu sem viðgengist hefur í málinu og í framhaldinu að stjórnarsýslan og vinnubrögðin verði betrubætt til að koma í

veg fyrir endurtekningu.

Þegar líða tekur á rannsóknina verður metið hvort farið verður út í aðrar aðgerðir, s.s. lagt mat á það hvort eigi að vísa málinu til [lögreglu](#). Gert er ráð fyrir að vinna höfundar við Samfélagsverkefni gegn spillingu taki jafnvel nokkur ár. Til að auka yfirsýn yfir það sem gert er á hverju ári verður í lok þess tekin saman árskýrsla og er þetta fyrsta skýrslan. Framlag höfundar mun að lágmarki vera að upplýsa um vinnubrögðin við undirbúning og gerða laga um fiskeldi sem verða síðan aðgengileg öllum þeim sem vilja kynna sér málið á næstu árum og áratugum.

Það sem gert var á árinu


Aðaláhersla á árinu 2022 var vinna við rannsóknaskýrslur þar sem fyrst og fremst var stuðst við skriflega gögn. Lokið er við að skrifa fjórar rannsóknaskýrslur:

- [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#)
- [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#)
- [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#)

Mynd 3. Haldið áfram að upplýsa, skrifa í fjölmiðla og tölvupóstar á markhópa



Mynd 4. Samfélagsverkefni gegn spillingu hefst formlega





Hvað villt þú? Laxeldisfyriræki í meirihluta erlendra aðila hafa ekki hikað við að kæra íslensk fyrirtæki til að ná fleiri eldissvæðum - enda hafa stundum tugir milljarða verið undi, [meira hér](#).

- [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#)
- [Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga](#). Morgunblaðið 3. ágúst 2022.
- [Eldisleyfin: Eign eða leiga?](#) Bændablaðið 21. júlí 2022.
- [Lög um fiskeldi og heilbrigðis- og skipulagsmál](#). Bændablaðið

Til að upplýsa um málið hafa verið skrifaðar á árinu nokkrar greinar í Morgunblaðinu og Bændablaðinu undir heitinum:



Það getur oft verið þröngt hjá hröfnunum og færri komist að en vilja. Það sama gildir um eldissvæðin, þau eru takmörkuð auðlind og oft beytt öllum brögðum til að komast yfir þau, [meira hér](#).

23. júní 2022

- [Lög um fiskeldi og samfélags verkefni gegn spillingu](#). Morgunblaðið 21. júní 2022
- [Hagsmunagæsla, stefnumótun og stjórnsýsluúttekt fyrir fiskeldi](#). Morgunblaðið 16. maí 2022

Allar þessar greinar er að finna í þessum Fiskeldisfréttum hér að aftan.

Það voru sendir á árinu 13 tölvupóstar til rúmlega 500 manns hverju sinni (viðauki 1) og var um að ræða nokkra markhóp (viðauki 2).

Matvælaráðherra vinnur m.a. við stefnumótun fyrir fiskeldi og kallaði eftir í upphafi ársins umsögnum við Áherslum og verklag við stefnumótun á sviði matvæla. Höfundur sendi inn [umsögn](#) þar sem varað var m.a. við að viðhöfð væri samskonar vinnubrögð og á árinu 2017 þegar stefnumótun sem nú er unnið eftir var gerð.


Í lok ársins 2021 gerði höfundur alvarlegar athugasemdir við [áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlananna](#).

Þeim athugasemdum var ekki svarað og var því farið fram á að það yrði gert á viðeigandi hátt, faglega og heiðarlega. Þess var [óskað að matvælaráðherra gangi í málið](#) og kalli eftir gögnum og sjái til að þau berist með formlegum hætti til Ríkisendurskoðunar.

Jafnframt var kallað eftir gögnum vegna vinnu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, fyrst í [júni](#) og síðan í [september](#).

Verkefnin á næsta ári

Framvinda mála á næsta ári getur ráðið miklu á hvað höfundur leggur áherslu á árinu 2023. Nú er unnið að rannsóknaskýrslunni Lög um fiskeldi - Löggjafarvaldið og stjórnsýslan sem tekur fyrir tímabilið frá því að skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um



stefnumótun fiskeldi var gefin út í ágúst 2017 til loka ársins 2022. Jafnframt er unnið að skýrslu um Strandbúnaðarmálið en það snýr að þöggun sem hefur verið svo einkennandi fyrir þetta mál. Það liggur einnig fyrir að gerðar verða sérstakar rannsóknaskýrslur m.a. um Fiskeldi Austfjarða og Laxa fiskeldi eins og gert var fyrir [Arnarlax](#) og [Arctic Fish](#). Jafnframt verða unnar fleiri rannsóknaskýrslu, sumar fengið nafn en aðrar ekki. Á árinu 2023 verða einnig birtar greinar í fjölmiðlum byggt á rannsóknaskýrslum sem lokið er við og verða kláraðar á árinu.

Í lok ársins 2023 verður byrjað að vinna við skrif á bókinni [Lög um fiskeldi - „Þetta hefur eftirmála“](#) þar sem stuðst verður við rannsóknaskýrslur sem sem höfundur hefur birt og mun birta. Heiti bókarinnar „þetta hefur eftirmála“ tekur mið af SMS frá Kjartani Ólafssyni, stjórnarformanni Arnarlax og fulltrúa í opinberum stefnumótunarhópi eftir að höfundur sendi inn athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið snemma á árinu 2019. Áður hafði verið hringt í höfund og stjórnarformaðurinn fór fram á að umsögnin væri dregin til baka. Á árinu 2023 verður

væntanlega kallað eftir meira af gögnum vegna rannsóknar höfundar á spillingu við undirbúning og gerða laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögin voru samþykkt frá Alþingi. Jafnframt er gert ráð fyrir að senda inn eina eða fleiri kvartanir eða beiðnir um opinbera rannsókn sem tekur þó mið af framgangi minnar rannsóknavinnu og þróun mála á árinu.



Viðauki 1. Tölvupóstar til að upplýsa á árinu 2022

Heilræði til ráðherra vegna stefnumótunar í fiskeldi

Dags.: 03.01.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Fiskeldisfréttir 01.08.2021](#)
- Fylgiskjal 2. [Fiskeldisfréttir 01.07.2020](#)

Er refsivert að gagnrýna spillingu? – Vinnan framundan

Dags.: 01.02.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Bókin](#)

Strandbúnaðarmálið, þöggun og lög um fiskeldi

Dags.: 02.03.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið](#)
- Fylgiskjal 2. [Bréf til stjórnar-Strandbúnaðar-07.10.2021](#)
- Fylgiskjal 3. [Bréf til stjórnar-Strandbúnaðar 05.05.2021.pdf](#)
- Fylgiskjal 4. [Kynningarfundur Matís](#)
- Fylgiskjal 5. [Athugasemdir við aðalfund](#)
- Fylgiskjal 6. [Athugasemd við fundagerð aðalfundar](#)
- Fylgiskjal 7. [Kallað eftir skýringum](#)

Stefnumótun, stjórnsýslu-úttekt og fleira

Dags.: 21.03.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar](#)
- Fylgiskjal 2. [Verklag og áherslur við stefnumótun á sviði matvæla](#)
- Fylgiskjal 3. [Þingsályktunartillaga](#)
- Fylgiskjal 4. [Eignarhald í laxeldi á Íslandi](#)

Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings

Dags.: 21.04.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#)

Lög um fiskeldi – Rannsóknir og skrif næstu tvö ár

Dags.: 10.05.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Er refsivert að gagnrýna spillingu? – Vinnan framundan](#)
- Fylgiskjal 2. [Samfélagsverkefni gegn spillingu](#)
- Fylgiskjal 3. [Um bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“](#)

Morgunblaðsgrein og Ríkisendurskoðun

Dags.: 27.05.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Hagsmunagæsla, stefnumótun og stjórnsýsluúttekt fyrir fiskeldi](#)
- Fylgiskjal 2. [Bréf til matvæla-ráðherra](#)

Morgunblaðsgrein og kallað eftir gögnum

Dags: 21.06.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Lög um fiskeldi og samfélagsverkefni gegn spillingu. Morgunblaðið 21.06.2022](#)
- Fylgiskjal 2. [Frekari gögn vegna vinnu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#)
- Fylgiskjal 3. [Farið er fram á að gerð verði úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunnar er varðar áhættumat erfðablöndunar.](#)
- Fylgiskjal 4. [Vegna aðalfundar Strandbúnaðar](#)

Lög um fiskeldi og heilbrigðis- og skipulagsmál

Dags: 26.06.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Bændablaðið 23.06.2022](#)

Tvær greinar og birtingar-áætlun

Dags.: 17.08.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga](#)
- Fylgiskjal 2. [Eldisleyfin: Eign eða leiga?](#)

Skýrsla um Arctic Fish og fleira

Dags.: 06.09.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#)
- Fylgiskjal 2. [Kallað eftir gögnum](#)
- Fylgiskjal 3. [Rannsaka áhrif laxasamruna](#)
- Fylgiskjal 4. [Grein ráðherrans](#)

Landsamband fiskeldisstöðva og fleira

Dags.: 12.10.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Landssamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#)
- Fylgiskjal 2. [Strandbúnaðarmálið](#)

Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögur og staðan

Dags: 19.11.2022

Tölvupósturinn

- Fylgiskjal 1. [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögur og staðan.](#)

Alla ofanefnda tölvupósta og eldri pósta er hægt að sækja **HÉR**

Viðauki 2. Tölvupóstar og markhóparnir

Málið varðar þá spillingu sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögin voru samþykkt. Um vorið 2021 var byrjað að senda tölvupósta til stækkandi hóps aðila og var markmiðið að:

- Kynna framgang í samfélagsverkefni gegn spillingu.
- Kynna greinar sem birtar eru í fjölmiðlum.
- Kynna rannsóknaskýrslur sem gerðar verða í tengslum við málið.

Rúmlegar 500 manns fá tölvupóstana og eru markhópar margir og eru þeir hér að neðan í þeirri röð sem þeim hefur verið bætt inn á listann á árunum 2021 og 2022:

- **Strandbúnaður:** Hluthafar og stjórn Strandbúnaðar settir á tölvupóstlistann.
- **Hafrannsóknastofnun:** Stjórnendum stofnunarinnar og ráðgjafarnefnd bætt inn vegna áhættumats erfðablöndunar sem er mjög umdeilt.
- **Rannsóknafyrirtæki:** Náttúrustofa Vestfjarða og Laxfiskar sem hafa verið öflug í umhverfisrannsóknum bætt inn á listann.
- **Hagsmunasmtök:** Stjórn Landsambands fiskeldisstöðva og tveimur fyrrverandi framkvæmdarstjórum bætt inn á listann og kallað eftir upplýsingum.
- **Stofnanir:** Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun sem fara með umhverfismat og leyfisveitingar bætt á listann.
- **Lagareldi:** Bætt við fulltrúum fyrirtækja í fiskeldi, skeldýra- og þörungarækt til að

upplýsa um spillingu innan greinarinnar.

- **Stefnumótunarhópurinn:** Starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi bætt inn á listann en tillögur hópsins hafa verið mjög umdeildar.
- **Sveitastjórnarmenn:** Fulltrúum sveitafélaga bætt inn á listann en þeim var lítið ágengt að koma sínum málum að við stefnumótun í fiskeldi.
- **Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti:** Starfsmönnum í ráðuneytinu sem hafa með málefni fiskeldis að gera bætt inn á listann.
- **Umboðsmaður alþingis:** Honum hafði verið send beiddni um opinbera rannsókn.
- **Matís:** Þöggun hefur einkennt þetta mál og hluta stjórnar stofnunar bætt inn á listann.
- **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd:** Öllum þeim sem setið höfðu í nefndinni og eru ennþá á þingi og höfðu ekki svarað póstum eða beiðnum frá höfundum var bætt inn á listann.
- **Samkeppniseftirlitið:** Eftirlitinu var bætt inn á listann og sérstaklega bent á að skoða „hindranir sem stafa af lögum og reglugerðum“ settar til að ná miklum fjárhagslegum ávinningi.
- **Strandbúnaður:** Málstofustjórum á Strandbúnaði 2021 bætt inn á listann og þeir hvattir til faglegra umfjallana.
- **Eigendur laxveiðiáa:** Það átti að fórna minni veiðiám og margir veiðiréttareigendur sem bætt var á póstlistann voru ósattir og var þeim bætt inn á listann.

- **Lögfræðingar:** Bent var á að það væri verið að brjóta lög og lögfræðingum laxeldisfyrirtækja, veiðiréttareigenda og umhverfissinna var bætt á listann.
- **Sjávarútvegsráðstefnan:** Öllum hluthöfum Sjávarútvegsráðstefnunnar bætt inn á listann og varað við að láta samskonar yfirtöku viðgangast og í tilfelli Strandbúnaðar.
- **Lífeyrissjóðir:** Full ástæða er fyrir lífeyrissjóði að gæta sín í fjárfestingum í laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila og var því forsvarsmönnum helstu lífeyrissjóða bætt inn á listann.
- **Stjórnsýslan:** Fjöldi ráðuneyta og stofnanna sem koma að stjórnsýslu fiskeldis bætt inn á tölvupóstlistann.

Ýmsir aðrir eru á tölvupóstlistanum eins og umhverfis-samtök sem gagnrýnt hafa sjókvíaelði á laxi, en þar hafa stundum tilfinningarnar ráðið of mikið för en sumt er því miður satt og rétt í þeirra gagnrýni.

Ennþá er lítill hluti alþingismanna á listanum en fleirum verður bætt við þegar málið verður komið lengra í vinnslu. Fjölmiðlar eru heldur ekki á listanum enda þeirra frammistaða í þessu máli afleit nema í tilfelli **Stundarinnar**. Í staðinn fyrir að fara þá leið að koma í viðtöl í fjölmiðlum hefur sú leið verið valin fram að þessu að byggja upplýsingamiðlun á að senda tölvupósta til ákveðinna markhópa, ásamt því að skrifa greinar í blöð.

Hagsmunagæsla, stefnumótun og stjórnsýsluúttekt fyrir fiskeldi

Á árinu 2016 var stofnaður starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda og greinarinnar varð að yfirtöku íslenskra leppa og erlendra fjárfesta á greininni til mikil fjárhagslegs ávinnings m.a. í formi eldisleyfa að verðmæti yfir 100 milljarða króna. Hagstæðar tillögur íslenska leppa erlendra fjárfesta voru gefnar út í skýrslu árið 2017 og þær afgreiddar frá Alþingi Íslendinga sem lög um fiskeldi á árinu 2019.

Ný stefnumótun ráðuneytis

Matvælaráðherra er þakkað það frumkvæði að láta gera nýja stefnumótun fyrir fiskeldi. Bundnar eru miklar vonir um að nú verði faglega og heiðalega staðið að verki og mikilvægt að vandað sé til verka:

- **Vanda valið:** Koma í veg fyrir að í starfshópnum séu aðilar sem eru eingöngu að vinna að sínum eigin hagsmunum til mikils fjárhagslegs ávinnings.
- **Vinna faglega:** Koma í veg fyrir að íslenskir leppar komi sínum mönnum fyrir í ráðuneytinu.
- **Rýna:** Til að koma í veg fyrir mikinn fjárhagslegan ávinning ákveðinna aðila innan starfshópsins á kostnað annarra sem ekki hafa aðgang að borðinu er mikilvægt að tillögurnar séu rýndar.
- **Setja hindranir:** Mikilvægt er að innan ráðuneytis sé farið mjög vel yfir tillögurnar til að koma í veg fyrir að hagnaðurinn af auðlindinni fari að mestu úr landi.

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar

Matvælaráðherra hefur farið fram á við Ríkisendurskoðun að framkvæma úttekt á stjórnsýslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og undirstofnana þess á sviði fiskeldis. Af því fjölmörgu sem Ríkisendurskoðun þarf að rannsaka er m.a. eftirfarandi:

- **Framferði fulltrúa í stefnumótunarhópi:** Gengið hefur verið hart fram að kveða niður með hótunum gagnrýni á ófagleg og óheiðalega vinnubrögð stefnumótunarhópsins. Kortleggja þarf hverjum var hótad, í hverju hótunin fólst og metinn ávinningurinn af því að fara þessi leið.
- **Opinberum starfsmönnum hótad:** Fram hefur komið að opinberum starfsmönnum innan leyfisveitingarkerfisins hefur verið hótad.

- Framganga Kjartans bar góðan ávöxt og er hann nú að öllum líkindum orðinn milljarðamæringur.

Mikilvægt er að skoða hverjum var hótad og jafnframt hvort og þá hvaða ávinning þeir sem stóðu að hótunum höfðu.

- **Hafa opinberir starfsmenn verið misnotaðir?:** Mikilvægt er að rannsaka samskipti á milli opinberra starfsmanna og íslenskra leppa erlendra fjárfesta. Hvort og þá hvernig óeðlileg tengsl hafi myndast, opinberir starfsmenn misnotaðir með það að markmiði að tryggja laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila sem mestum fjárhagslegum ávinningi.
- **Ráðning opinberra starfsmanna:** Mikilvægt er að skoða ráðningar

MORGUNBLAÐIÐ MÁNUDAGUR 16. MAÍ 2022

Hagsmunagæsla, stefnumótun og stjórnsýsluúttekt fyrir fiskeldi

Eftir Valdmar Inga Gunnarsson

Á árinu 2016 var stofnaður starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda og greinarinnar varð að yfirtöku íslenskra leppa og erlendra fjárfesta á greininni til mikil fjárhagslegs ávinnings m.a. í formi eldisleyfa að verðmæti yfir 100 milljarða króna. Hagstæðar tillögur íslenska leppa erlendra fjárfesta voru gefnar út í skýrslu árið 2017 og þær afgreiddar frá Alþingi Íslendinga sem lög um fiskeldi á árinu 2019.

Ný stefnumótun ráðuneytis

Matvælaráðherra er þakkað það frumkvæði að láta gera nýja stefnumótun fyrir fiskeldi. Bundnar eru miklar vonir um að nú verði faglega og heiðalega staðið að verki og mikilvægt að vandað sé til verka.

Vanda valið: Koma í veg fyrir að í starfshópnum séu aðilar sem eru eingöngu að vinna að sínum eigin hagsmunum til mikils fjárhagslegs ávinnings.

Vinna faglega: Koma í veg fyrir að íslenskir leppar komi sínum mönnum fyrir í ráðuneytinu.

Rýna: Til að koma í veg fyrir



Valdmar Ingi Gunnarsson

mikinn fjárhagslegan ávinning ákveðinna aðila innan starfshópsins á kostnað annarra sem ekki hafa aðgang að borðinu er mikilvægt að tillögurnar séu rýndar.

Setja hindranir: Mikilvægt er að innan ráðuneytis sé farið mjög vel yfir tillögurnar til að koma í veg fyrir að hagnaðurinn af auðlindinni fari að mestu úr landi.

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar

Matvælaráðherra hefur farið fram á við Ríkisendurskoðun að framkvæma úttekt á stjórnsýslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og undirstofnana þess á sviði fiskeldis. Af fjölmörgu sem Ríkisendurskoðun þarf að rannsaka er m.a. eftirfarandi:

Framferði fulltrúa í stefnumótunarhópi: Gengið hefur verið hart fram við að kveða niður með hótunum gagnrýni á ófagleg og óheiðarleg vinnubrögð stefnumótunarhópsins. Kortleggja þarf hverjum var hótad, í hverju hótunin fólst og metinn ávinningurinn af því að fara þessi leið.

Opinberum starfsmönnum hótad: Fram hefur komið að opinberum starfsmönnum innan leyfisveitingarkerfisins hefur verið hótad. Mikilvægt er að skoða hverjum

» Framganga Kjartans bar góðan ávöxt og er hann nú að öllum líkindum orðinn milljarðamæringur.

var hótad og jafnframt hvort og þá hvaða ávinning þeir sem stóðu að hótunum höfðu.

Hafa opinberir starfsmenn verið misnotaðir?: Mikilvægt er að rannsaka samskipti á milli opinberra starfsmanna og íslenskra leppa erlendra fjárfesta. Hvort og þá hvernig óeðlileg tengsl hafi myndast, opinberir starfsmenn misnotaðir með það að markmiði að tryggja laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila sem mestum fjárhagslegum ávinningi.

Ráðning opinberra starfsmanna: Mikilvægt er að skoða ráðningar opinberra starfsmanna í ráðuneyti sem höfðu augljóslega tengingu við leppa erlendra fjárfesta. Skoðað verði hvort og þá hvað miklum mæli mikilvægar upplýsingar frá opinberum starfsmönnum hafi lekið til íslenskra leppa sem hafa unnið fyrir erlendra fjárfesta.

Hagsmunapot: Skoðað verði hvort og þá hvernig fyrirvarandi starfsmenn ráðuneytis sem unnu að stefnumótun fyrir fiskeldi nýttu sínar innanhúsupplýsingar í þágu laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila til fjárhagslegs ávinnings.

Stjórnáðalmenning misnotaðir?: Til að vinna með íslenskum lepp-

um hafa verið fengnir fyrirvarandi stjórnáðalmenning og jafnvel núverandi til að vinna að fjárhagslegum ávinningi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila. Mikilvægt er að skoða hvort og þá hvernig óheppileg tengsl hafi átt sér stað við áhrifamikla aðila sem koma að mikilvægum ákvarðanatökum er varða málefni fiskeldis.

Hér er almennt tekið til orða og á það m.a. að vera hlutverk Ríkisendurskoðunar að horfa yfir sviðið og rannsaka málið sem hóður fagaðli.

Íslenskir leppar erlendra fjárfesta

Það hefur margt jákvæmt verið gert og sett í lög er varðar hagsmunagæslu. Þær reglur virðast þó ekki ná yfir íslenska leppa erlendra fjárfesta. Það er varla við hæfi þegar fulltrúar opinberra nefnda sem jafnframt vinna sem leppar erlendra fjárfesta ganga fram með hótunum þegar lög er tillögur sem setja á í lög. Í þessu sambandi má nefna framgöngu Kjartans Ólafssonar, stjórnarformanns Arnaríax og fulltrúa í opinberum stefnumótunarhópi. Framganga Kjartans bar góðan ávöxt og er hann nú að öllum líkindum orðinn milljarðamæringur.

Höfundur er sjávarútvegsráðgjafi og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrettíu ár. valdmar@stjarnutegus.is

opinberra starfsmanna í ráðuneyti sem höfðu augljóslega tengingu við leppa erlendra fjárfesta. Skoðað verði hvort og í hvaða miklu mæli mikilvægar upplýsingar frá opinberum starfsmanni hafi lekið til íslenska leppa sem hafa unnið fyrir erlenda fjárfesta.

- **Hagsmunapot:** Skoðað verði hvort og þá hvernig fyrrverandi starfsmenn ráðuneytis sem unnu að stefnumótun fyrir fiskeldi nýttu sínar innanhúsupplýsingar í þágu laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila til fjárhagslegs ávinnings.

- **Stjórnámálamenn misnotaðir?:** Til að vinna með íslenskum leppum hafa verið fengnir fyrrverandi stjórnámálamenn og jafnvel núverandi til að vinna að fjárhagslegum ávinningi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila. Mikilvægt er að skoða hvort og þá hvernig óheppileg tengsla hafi átt sér stað við áhrifamikla aðila sem koma að mikilvægum ákvörðunartökum er varða málefni fiskeldis.

Hér er almennt tekið til orða og á það m.a. að vera hlutverk Ríkisendurskoðunar að horfa yfir sviðið og rannsaka málið sem óháður fagaðili.

Íslenskir leppar erlendra fjárfesta

Það hefur margt jákvætt verið gert og sett í lög er varðar hagsmunagæslu. Þær reglur virðast þó ekki ná yfir íslenska leppi erlendra fjárfesta. Það er varla við hæfi þegar fulltrúar opinberra nefnda sem jafnframt vinna sem leppar erlendra fjárfesta ganga fram með hótunum þegar lögð er fram eðlileg og fagleg gagnrýni á tillögur sem setja á í lög. Í þessu samhengi má nefna framgöngu Kjartans Ólafssonar stjórnarformanns Arnarlax og fulltrúa í opinberum stefnumótunarhópi. Framganga Kjartans bar góðan ávöxt og er hann nú að öllum líkindum orðinn milljarðamæringur.




Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings

Viðauki við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“

Valdimar Ingi Gunnarsson

20.04.2022



Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings

Viðauki við bókina Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“

Valdimar Ingi Gunnarsson

01.09.2022

Margt af þeim vinnubrögðum og viðskiptum sem hafa átt sér stað við uppbyggingu á Arnarlaxi minnir á margt á það sem gerist fyrir hrún. Farið er yfir málið allt frá stofnun Arnarlax til lok ársins 2021. Samhliða að farið er yfir sögu Arnarlax eru þau tengd mikilvægum stjórnvaldsákvörðunum vegna þátttöku stjórnarformannsins félagsins í opinberri stefnumótun. [Meira hér](#)

Arctic Fish var stofnaður árið 2011 af NOVO ehf. og Bremesco Holding Ltd., aflandsfélagi á Kýpur. Sviðsmyndin getur verið að Arnarlax, Arctic Fish og Háafell verði sameinuð í eitt fyrirtæki með um 100 þúsund tonna framleiðslugetu, meiri veltu en Samherji og Síldarvinnslan samanlagt. Sameinað félag orðið með stærstu laxeldisfyrirtækjum í heimi ef umhverfisaðstæður verða hagstæðar og markaðsverð hátt. [Meira hér](#)

Lög um fiskeldi og samfélags verkefni gegn spillingu

Það hefur átt sér stað mikil aukning í fiskeldi á síðustu árum og útflutningsverðmæti eldisafurða námu um 35 milljörðum króna á síðasta ári. Vöxtinn má að mestu rekja til fjögurra laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Það eru miklir hagsmunir undir og öflug hagsmunagæsla.

Spilling gagnrýnd

Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögin voru samþykkt. Í byrjun þessa árs hóf undirritaður að vinna í hálfu starfi við Samfélagsverkefni gegn spillingu. Tekið skal skýrt fram að höfundur nýtur ekki fjárhagslegs stuðning í þessu verkefni. Mér hreinlega ofbíður þau vinnubrögðin sem hafa verið viðhöfð og er það ástæðan fyrir því að stigið er fram. Opinber gagnrýni mín hófst fyrst í byrjun ársins 2019 og vegferðinni má skipta í þrjá áfanga:



Hrafninn hoppar á milli kara. Með að gera ólögulegar breytingar í umhverfismatsferlinu hefur laxeldisfyrirækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila tekist að koma sér í ákveðna stöðu a.m.k. tímabundið, [meira hér](#).

Fyrsti áfangi – Beiðni um opinbera rannsókn (2019)

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við frumvarp um fiskeldi, öllum alþingismönnum sendar ítarlegar greinargerðir um málið, ítrekað voru sendir tölvupóstar til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og auglýst í blöðum þar sem hvatt var til opinberrar rannsóknar. Engin viðbrögð fengust við þessari beiðni. Jafnt voru

- Á seinni stigum rannsóknar minnar verður skoðað hvort vísa eigi málinu til lögreglu.

fjölmiðlar hvattir til að fara í faglega rannsóknavinnu varðandi þetta máli. Eini fjölmiðillinn sem hefur sýnt málinu áhuga er Stundin sem hefur fjallað um afmarkaða þætti þess.

MORGUNBLAÐIÐ ÞRIÐJUDAGUR 21. JÚNÍ 2022

Lög um fiskeldi og samfélagsverkefni gegn spillingu

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson



Valdimar Inga Gunnarsson

Það hefur átt sér stað mikil aukning í fiskeldi á síðustu árum og útflutningsverðmæti eldisafurða námu um 35 milljörðum króna á síðasta ári. Vöxtinn má að mestu rekja til fjögurra laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Það eru miklir hagsmunir undir og öflug hagsmunagæsla.

Spilling gagnrýnd

Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögin voru samþykkt. Í byrjun þessa árs hóf undirritaður að vinna í hálfu starfi við Samfélagsverkefni gegn spillingu. Tekið skal skýrt fram að höfundur nýtur ekki fjárhagslegs stuðnings í þessu verkefni. Mér hreinlega ofbíður þau vinnubrögðin sem hafa verið viðhöfð og er það ástæðan fyrir því að stigið er fram. Opinber gagnrýni mín hófst fyrst í byrjun ársins 2019 og vegferðinni má skipta í þrjá áfanga:

Beiðni um opinbera rannsókn

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við frumvarp um fiskeldi, öllum alþingismönnum sendar ítarlegar greinargerðir um málið, ítrekað voru sendir tölvupóstar til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og auglýst í blöðum þar sem hvatt var til opinberrar rannsóknar. Engin viðbrögð fengust við þessari beiðni. Jafnt voru fjölmiðlar hvattir til að fara í faglega rannsóknavinnu varðandi þetta málið. Eini fjölmiðillinn sem hefur sýnt málinu áhuga er Stundin, sem hefur fjallað um afmarkaða þætti þess.

Upplýsingar til almennings

Skrifaðar voru fjölmargar greinar til að upplýsa og vekja athygli á þeirri spillingu sem var viðhöfð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Almennir var það verklag haft að tekin voru fyrir umhverfismál í Bændablaðinu og spillingin í Morgunblaðinu. Jafnframt var málið

kynt á samfélagsmiðlum og fjöldi tölvupósta sendur til ákveðinna markhópa. Fjölmarginir hafa haft samband og lýst undir sinni á þeim vinnubrögðum sem hafa viðgengist, en enginn hefur fram að þessu lagt í að stiga fram og taka undir mína gagnrýni opinberlega.

Sjálfstæð rannsókn

Þar sem ekki var orðið við þeirri beiðni minni að framkvæmd yrði opinber rannsókn á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi ákvað undirritaður að hefja umfangsmikla rannsóknavinnu í upphafi þessa árs. Seinna ákvað nýr matvælaráðgjafi að fá Ríkisendurskoðun til að framkvæma stjórnisýsluúttekt á málefnum fiskeldis. Úttekt stofnunarinnar verður væntanlega að mestu að skoða hvort markmið laga um fiskeldi hafi náðst og skila skýrslu í haust. Gert er ráð fyrir að rannsókn höfundar verði á töluvert breiðari grunni.

Þið félluð á prófinu

Snemma í minni vinnu var ákveðið að fara hefðbundnar leiðir til að koma athugasemdum á framfæri. Allir eiga að hafa sömu möguleika á að koma sínum athugasemdum á framfæri, óháð bakgrunni eða tengslum. Of mikil tengsl skapa of mikla nánd og geta stuðlað að óheppilegu hagsmunapoti og spillingu, sem mín gagnrýni gengur að stórum hluta út á. Það er nú fullreynt að hefðbundnar aðferðir skila litlu sem engu; enginn stjórnmálamaður hefur haft fyrir því að hafa samband við undirritaðan og þannig fallið á prófinu. Það er sérstaklega athyglisvert í því sambandi að undirritaður hefur unnið fjölmörg fiskeldisverkefni fyrir stjórnvöld, m.a. komið að gerð laga og reglugerða.

Vinnan fram undan

Á þessu ári verður unnið að því að skrifa rannsóknaskýrslur um ein-stök laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila og önnur mál er tengjast undirbúningi og gerð

» Á seinni stigum rannsóknar minnar verður skoðað hvort vísa eigi málinu til lögreglu.

laga um fiskeldi. Rannsóknaskýrslurnar verða víðaukar eða vinnuskjöl við fyrirhugaða bók, *Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmál“*. Vinnubrögðin við undirbúning, gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögin voru samþykkt hafa lagt grunn að áhugaverðri sögu sem mikilvægt er að festa á blað. Haft skal í huga að þetta mál hleypur ekki í burtu frá okkur og mun koma upp aftur og aftur á næstu árum og áratugum.

Aðrar aðgerðir

Samhliða rannsókn og skrif á bók verða beiðnir eða kvartanir sendar til ýmissa stofnana. Kvörtun verður send til Samkeppniseftirlitsins er varðar hindranir settar m.a. af ákveðnum hagsmunaaðilum í lög og reglugerðir eða það sem er e.t.v. athyglisverðara, hvernig íslenskir leppar erlendra fjárfesta komu í veg fyrir að hindranir væru settar sem hefðu komið í veg fyrir mikinn fjárhagslegan ávinning. Umboðsmaður Alþingis hefur alltaf sýnt þá kurteisni að svara mínum póstum. Áfram verður reynt og umboðsmanni verður bent beinskeyttari og ítarlegri beiðni. Á seinni stigum rannsóknar minnar verður skoðað hvort vísa eigi málinu til lögreglu.

„Þetta hefur eftirmál“

Heiti bókarinnar, „Þetta hefur eftirmál“, tekur mið af sms frá Kjartani Ólafssyni, stjórnarformanni Arnarlax og fulltrúa í opinberum stefnumótunarhópi, eftir að höfundur sendi inn athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið snemma á árinu 2019. Því miður er þetta mál eitt af fjölmörgum samþæðilegum málum þar sem ákveðnir aðilar hafa misnotað aðstöðu sína, sér og sínum til mikils fjárhagslegs ávinninga.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengdi fiskeldi í rúm þrjátíu ár. [valdimar@sjavarutvegur.is](#)



Það er vindur og fjarðrirnar blakta á hrafninum. Það hafa blásið sterkir vinda í laxeldi á Íslandi, og stundum mikið tap á rekstrinum en eignamyndun hefur þó orðið mikil með að setja eldisleyfin á erlenda hlutabréfamarkaði, [meira hér](#).

Annar áfangi – Upplýsingar til almennings (2020-2021)

Skrifaðar voru fjölmargar greinar til að upplýsa og vekja athygli á þeirri spillingu sem var viðhöfð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Almennt var það verklag haft að tekin voru fyrir umhverfismálin í Bændablaðinu og spillingin í Morgunblaðinu. Jafnframt var málið kynnt á samfélagsmiðlum og fjöldi tölvupósta sendir til ákveðinna markhópa. Fjölmargir hafa haft samband og lýst undrun sinni á þeim vinnubrögðum sem hafa

viðgengist, en enginn hefur fram að þessu lagt í að stíga fram og taka undir mína gagnrýni opinberlega.

Þriðji áfangi – Sjálfstæð rannsókn (2022-2023)

Það sem ekki var orðið við þeirri beiðni minni að framkvæmd yrði opinber rannsókn á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi ákvað undirritaður að hefja umfangsmikla rannsóknavinnu í upphafi þessa árs. Seinna ákvað nýr matvælaráðherra að fá Ríkisendurskoðun til að framkvæma stjórnsýsluúttekt á málefnum fiskeldis. Úttekt stofnunarinnar verður væntanlega að mestu að skoða hvort markmið laga um fiskeldi hafi náðst og skila skýrslu í haust. Gert er ráð fyrir að rannsókn höfundar verði á töluvert breiðari grunni.

Þið félluð á prófinu

Snemma í minni vinnu var ákveðið að fara hefðbundnar leiðir til að koma athugasemdum á framfæri. Allir eiga að hafa sömu möguleika að koma sínum athugasemdum á framfæri óháð bakgrunni eða tengsla. Of mikil tengsli, skapar of mikla nánd og getur stuðlað að óheppilegu hagsmunapot og spillingu sem mín gagnrýni gengur að stórum



Flogið hátt og svifið vængjum þöndum. Íslenskir frumkvöðla, s.s. stjórnarformaður Arnarlax hefur haft milljaðra ávinning með að fara með eldisleyfin á erlendan hlutabréfamarkað, [meira hér](#).



Hrafninn er ágætur að fljúga og var á upphafsárum Íslandsbyggðar notaður til að finna landið. Með því að skrá laxeldisfyrirtækin á erlenda hlutabréfamarkað var mikil hækkun í hafi og erlendir fjárfestar og íslenskir frumkvölar hafa hagnast mikið, [meira hér](#).

hluta út á. Það er nú fullreynt að hefðbundnar aðferðir skila litlu sem engu, enginn stjórnmalamaður hefur haft fyrir því að hafa samband við undirritaðan og þannig fallið á prófinu. Það er sérstaklega athyglisvert í því samhengi að undirritaður hefur unnið fjölmörg fiskeldisverkefni fyrir

stjórnvöld m.a. komið að gerð laga og reglugerða.

Vinnan framundan

Á þessu ári verður unnið að því að skrifa rannsóknaskýrslur um einstök laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila og önnur mál er tengjast


undirbúningi og gerð laga um fiskeldi. Rannsóknaskýrslurnar verða viðaukar eða vinnuskjöl við fyrirhugaða bók Lög um fiskeldi - „Þetta hefur eftirmála“. Vinnubrögðin við undirbúning, gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögin voru samþykkt hafa lagt grunn að áhugaverðri sögu sem mikilvægt er að festa á blað. Haft skal í hug að þetta mál hleypur ekki í burtu frá okkur og mun koma upp aftur og aftur á næstu árum og áratugum.

Aðrar aðgerðir

Samhliða rannsókn og skrif á bók verða beiðnir eða kvartanir sendar til ýmissa stofnanna. Kvörtun verður send til Samkeppniseftirlitsins er varðar hindranir settar m.a. af ákveðnum hagsmunaaðilum í lög og reglugerðir eða það sem er e.t.v. athyglisverðara hvernig íslenskir leppar erlendra fjárfesta komi í veg fyrir að hindranir væru settar sem hefðu komið í veg fyrir mikinn fjárhagslegan ávinning. Umboðamaður Alþingis hefur alltaf sýnt þá kurteisi að svara mínu póstum. Áfram verður reynt og umboðsmanni verður sent beinskeyttari og ítarlegri beiðni. Á seinni stigum rannsókna minnar verður skoðað hvort vísa eigi málinu til lögreglu.

„Þetta hefur eftirmála“

Heiti bókarinnar „Þetta hefur eftirmála“ tekur mið af SMS frá Kjartani Ólafssyni, stjórnarformanni Arnarlax og fulltrúa í opinberum stefnumótunarhópi eftir að höfundur sendi inn athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið snemma á árinu 2019. Því miður er þetta mál eitt af fjölmörgum sambærilegum málum þar sem ákveðnir aðilar hafa misnotað aðstöðu sína, sér og sínum til mikils fjárhagslegs ávinnings.



Hafskipulag

Unnið er að krafti að strandsvæðarskipulagningu og til að miðla upplýsingum um framgöngu málsins er sérstakur vefur, [hafskipulag.is](#). Skipulag á haf- og strandsvæðum er tvíþætt, annarsvegar er um að ræða stefnu um skipulag haf- og strandsvæða og hinsvegar strandsvæðisskipulag þar sem mótuð er nánari stefna út frá aðstæðum á hverjum stað. Stefna um skipulag haf- og strandsvæða er sett fram í landsskipulagsstefnu. Hún felur í sér stefnu ríkisins um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum og leggur grundvöll fyrir gerð strandsvæðisskipulags. Viðfangsefni stefnunnar geta varðað starfsemi á haf- og strandsvæðum, svo sem

orkuvinnslu, eldi og ræktun nytjastofna, efnistöku, umferð og ferðapjónustu. Hún fjallar einnig um vernd haf- og strandsvæða sem og náttúruvá og útivist. Stefna um skipulag á haf- og strandsvæðum nær til haf- og strandsvæða út að ytri mörkum efnahagslögsögunnar. Í landsskipulagsstefnu er tekin ákvörðun um á hvaða svæðum skuli vinna strandsvæðisskipulag og hafa forgang þau strandsvæði þar sem brýnt þykir að samþætta ólíka nýtingu og verndarsjónarmið. Búið er að leggja fram tillögur um strandsvæðaskipulag fyrir [Vestfirði](#) og einnig fyrir [Austfirði](#).

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a.
unnið við ýms mál tengd fiskeldi
ríkjum bráttu ár

kostnaði í lágmarki og í staðinn var öll áhersla lögð á að gera það mögulegt að fara með fyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað og ná þannig miklum fjárhagslegum ávinningi.

Skipulagsmál og heilbrigðismál

Undirritaður vann umhverfismat fyrir íslenskt fyrirtæki og var frummatsskýrslu skilað inn á árinu 2016. Þar voru tillögur gerðar um mótvægisáðgerðir til að lágmarka líkur á að smit bærist á milli svæða:

- *Skilgreining svæða:*
Skilgreind verði framleiðslusvæði þar sem samgangur á búnaði og eldisfiski verði ekki á milli svæða.
- *Flutningur seiða:*
Flutningur á seiðum verði framkvæmdur í lokuðum brunnbátum.
- *Flutningur sláturfisks:*
Laxfiskar úr sjókvíum til slátrunar verði ekki fluttir á milli framleiðslusvæða.

Sérfræðingar frá Matvæla- stofnun, Umhverfisstofnun, Hafrannsóknastofnun lásu yfir frummatsskýrslu en tóku ekki undir þessar tillögur. Í álitum Skipulagsstofnunar er



Lending undirbúinn hjá hrafninum. Norðmenn hafa komið með fjármuni til landsins til að byggja upp laxeldi, náð til sín ódýrum eldisleyfum og selt þau síðan á háu verði m.a. til íslenskra lífeyrissjóða, [meira hér](#).

ekkert minnst á heilbrigðis- og skipulagsmál, þrátt fyrir að lagt væri til það sem best þekkist erlendis á þeim tíma.

Stofnanir heimsóttar

Í byrjun ársins 2017 var ljóst í hvert stefndi að það átti að ýta umhverfismálunum til hliðar. Undirritaður ásamt öðrum aðila ákvað því að kynna tillögur íslensks félags í umhverfismálum, m.a. er varðar


heilbrigðis- og skipulagsmál fyrir stjórnámamönnum og sérfræðingum stofnanna á árinu 2017:

- Hinn 18. apríl var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimsótt.
- Hinn 24. apríl voru sérfræðingar Umhverfisstofnunar heimsóttir.
- Hinn 4. maí voru sérfræðingar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis heimsóttir.
- Hinn 8. maí voru sérfræðingar Matvælastofnunar, Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar heimsóttir.

Jafnframt voru haldnar nokkrar kynningar með stjórnámamönnum úr öllum flokkum á Alþingi.

Athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið

Í athugasemdum undirritaðs við fiskeldisfrumvarpið á vorþingi 2019 er bent á að



Hrafnninn er glysgjarn og þjófóttur. Grunnur var lagður að erlendu eignarhaldi á íslensku laxeldi með „lobbíisma“ og spilltri stjórnsýslu, [meira hér](#)



Hrafninn sækir mjög í fæðu í nágrenni mannabústaða og matvælavinnsla, en í þessu tilviki var lítið að hafa. Það sama gildir hjá laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila að allar tilraunir að ná eldisvæðum hafa ekki heppnast, [meira hér](#).

„heilbrigðismál eru vart nefnd á nafn í frumvarpinu þó svo að það sé stærsta viðfangsefni sjókvíaeldis í nágrannalöndum. Eins og staðan er í dag eru ekki smitþröskuldar á milli fiskeldissvæða og því engar skýrar reglur um flutning á

búnaði eða lifandi fisk milli svæða sem getur borið með sér sjúkdóma. Í frumvarpinu er ekki minnst á smitþröskulda heldur tekið sérstaklega fram í greinargerð að ekki sé ástæða til þess að setja slíka þröskulda.“ Smitþröskuldum má líkja við



Þessi hrafn er konungur í ríki sínu og stendur stoltur ofan á nokkrum fiskikörum. Margir íslenskir frumkvöðlar og erlendir fjárfestar er einnig ánægðir með sig eftir milljarða hagnað af sölu eldisleyfa, [meira hér](#).

sauðfjárvarnargirðingar í landbúnaði. Í athugasemdunum við fiskeldisfrumvarpið voru aftur ítrekaðar mikilvægi mótvægisáðgerða sem kynntar voru fyrir sérfræðingum stofnanna og stjórnmalamönnum á árinu 2017.

Engir smitþröskuldar

Í greinargerð með fiskeldisfrumvarpinu var fjallað sérstaklega um smitþröskulda en þar kemur fram:

„Við undirbúning frumvarpsins komu fram sjónarmið um að nauðsynlegt gæti verið, til að fyrirbyggja smit, að heimila uppsetningu svonefndra smitþröskulda í fiskeldi milli landssvæða. Með því væru t.d. reistar takmarkanir við flutningi hroga eða seiða milli framleiðslusvæða. Ekki þótti rétt að leggja þetta til með frumvarpinu, að höfðu samráði við Matvælastofnun, en til þess er að líta að dýralæknir fíksjúkdóma nýtur þegar ríkra heimilda til að grípa til áðgerða telja hann á því þörf auk þess að fiskeldi á Íslandi hefur byggt upp landfræðilega með þeim hætti að óraunhæft er að setja fyrirmæli um þetta í lögjöfina.“

Af einhverjum ástæðum er ekki fjallað um sláturfisk sem mesta hætt er að smit berist með. Við vinnu stefnumótunarhópsins og síðan við skrif á frumvarpinu voru mótvægisáðgerðir, hvort sem um var að ræða heilbrigðis- og skipulagsmál eða annað, ekki í hávegum höfð.

Greinargerðir til alþingismanna

Hinn 20. maí 2019 var sendur tölvupóstur til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit. Þar var óskað eftir að gerð væri opinbera rannsókn vegna alvarlegra annmarka á vinnubrögðum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Með

tölvupóstinum fylgdu ítarlegar greinagerðir:

- [Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin](#)
- [Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum](#)

Í greinagerðunum var að finna ýtarlegri útskýringar á tillögum um heilbrigðis- og skipulagsmál. Lög um fiskeldi voru samþykkt frá Alþingi 20. júní 2019 og hefði e.t.v. ekkert komið í veg fyrir það enda mjög öflugir íslenskir leppir sem stóðu hagsmunavörsluna með erlenda fáfesta að bakhjarli.

Að lokum

Ef settar hefðu verið reglur eins og best þekkjast erlendis hefði eflaust verið hægt að koma í veg fyrir að smit bærast frá Reyðafirði yfir í Berufjörð. Í framhaldi af tjónum vegna ISA veirunnar á Austfjörðum skipaði ráðherra starfshóp vegna smitvarna og sjúkdóma í laxeldi. Það er e.t.v. ákveðin kaldhæðni í því að fulltrúar



Hrafnanir slást mikið og laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila hafa barist um eldisvæðin. Málin eru stundun leist með yfirtöku eins laxeldisfyrirtækis á öðru, [meira hér](#).

frá sömu stofnunum verða skipaðir í starfshópinn, sem tóku ekki undir tillögur sem kynntar voru á árunum 2017-2019. Nú er spurning hvort þessir aðilar leggi í það að taka

á skipulagsóreiðunni og komi þannig í veg fyrir að það sama endurtaki sig á Vestfjörðum? Laxeldisfyrirtæki eru í meirihlutaeigu Norðmanna og af hverju eru ekki sömu reglur hér á landi og í Noregi?



Hvert er ég að fara er hrafninn eflaust að velta fyrir sér. Íslenskir frumkvöðlar og erlendri fjárfestar vissu snemma að þeir stefndu með eldisleyfin á erlenda hlutabréfamarkaði til mikils fjárhagslegs ávinnings, [meira hér](#).



Á hverju ári gefur Mowi stærsta laxeldisfyrirtæki í heimi skýrslu sem gefur gott yfirlit um laxeldi í heiminum, [meira hér](#).

Í skýrslu starfshóps
sjávarútvegs- og landbúnaðar-
ráðherra um stefnumótun

Tafla 1. Munurinn á eldisleyfi í Noregi og á Íslandi.

	Noregur	Ísland
Kaup á leyfum	Flest eldisleyfi eru keypt fyrir háar fjárhæðir.	Leyfin fást því sem næst ókeypis.
Sala á leyfum	Leyfin hafa verið að hækka og má því gera ráð fyrir að flestir selji þau með hagnaði.	Leyfin eru ekki keypt, fást því sem næst ókeypis, en eru seld með miklum hagnaði.
Endurnýjun á leyfum	Eldisleyfin eru varanlega eign.	Það er gert ráð fyrir að 16 árum liðnum fáiast leyfin endurnýjuð fyrir lítið.

Í fiskeldi sem gefin var út þann 21. ágúst 2017 var leiðin vörðuð inn á erlendan hlutabréfamarkað. Það sem er athyglisvert við stefnumótunina er það sem ekki var lagt til þ.e.a.s. enga takmörkun á erlent eignarhald eða stærð fyrirtækja sem opnaði leiðina á erlendan hlutabréfamarkað. Leiðin var síðan fest í sessi með útgáfu laga um fiskeldi á árinu 2019. Í meginatriðum voru það norskir aðilar sem voru að fjárfesta í laxeldisfyrirtækjunum á árunum 2016/2017 þar til félögin fóru á erlendan hlutabréfamarkaðinn. Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða fóru inn á erlendan hlutabréfamarkað á árinu 2020 og Arctic Fish á árinu 2021. Norðmenn skildu verðmæti eldisleyfanna og gerðu sér grein fyrir að hægt væri að ná miklum ávinningi með að koma laxeldisfyrirtækjunum á erlendan markað. Á þessum tímapunkti var ekki þörf á íslenskum fjárfestum nema til að bæta ímyndina út á við, s.s. fá lífeyrissjóðina að borðinu rétt áður en félögin fóru á erlendan hlutabréfamarkað.

Kaup á leyfum

Í máli Jens Garðars kemur jafnframt fram: „Þetta er alveg tvennt ólíkt. Sjávarútvegurinn er að nýta takmarkaða auðlind en fiskeldið ekki, nema að því leyti að við nýtum svæði sem einhver annar nýtir ekki á meðan. Við mætum með

okkar eldisdýr á staðinn og getum farið með þau aftur. Leyfin okkar eru til leigu til 16 ára“. Í samanburði má benda á að á Íslandi er kvótinn eign og í Noregi eru eldisleyfin eign. Eldisleyfin í Noregi eru varanlega eign en á Íslandi er um að ræða úthlutun eldisleyfa. Í Noregi eru leyfin keypt fyrir háar fjárhæðir en á Íslandi fást þau því sem næst ókeypis (tafla 1).

Sala á leyfum

Á Íslandi fást eldisleyfin því sem næst ókeypis og með að fara með laxeldisfyrirtækin á erlenda hlutabréfamarkaði hefur verðmæti félaganna hækkað mikið í hafi. Verðmæti eldisleyfa t.d. Arnarlax eru metin á um 40 milljarða á markaði. Fjölmargir íslenskir frumkvöðlar og íslenskir leppar erlendra fjárfesta eru byrjaðir að leysa hagnaðinn til sín með sölu hlutabréfa. Nást hefur meira en tífalda þá fjárhæð sem upphaflega var lagt í fyrirtækið við sölu á eignarhlutum eftir að félögin voru kominn á erlendan hlutabréfamarkað.


Endurnýjun á leyfum

Eins og fram hefur komið í árskýrslum norskra laxeldisfyrirtækja sem eru meirihlutaeigendur í laxeldisfyrirtækjum hér á landi þá er gert ráð fyrir að auðvelt verði að endurnýja leyfin eftir 16 ár og það verði tiltölulega ódýrt.38 Það er því vert að

spyrja sig hvort það sé í raun einhver munur á eldisleyfum í Noregi og Íslandi þegar upp er staðið. Í þessu samhengi er bent á að eldisleyfi sem fengust frítt í Noregi urðu að varanlegri eign.

Að lokum

Höfundur vinnur nú við samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi. Gagnrýnd hafa verið þau vinnubrögð sem hafa viðgengist við undirbúning og gerð laga um fiskeldi án þess að fá miklar undirtektir. Nýlega hafa þó átt sér þó stað ákveðin tímamót í þessu máli þar sem Ríkisendurskoðun ákvað að verða við beiðni matvælaráðherra um úttekt.



Með [Hafsjá](#) er ætlunin að geta sýnt sem flestar upplýsingar um hafið á einum stað. Meðal þess sem hægt er að skoða í Hafsjánni eru upplýsingar frá Matvælastofnun um sjókvíaelði og skelrækt.

Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga.

Ítrekað kemur fram í viðtölum við íslenska leppa erlendra fjárfesta að gengið hafi verið á milli manna hér á landi til að fá þá sem fjárfesta í laxeldisfyrirtækjum án árangurs. Mikilvægt er að hafa í huga að það var verið að bjóða fjárfestum mismunandi valkosti allt eftir tímasetningu tilboðanna:

- **Fjárfesta í rekstri:** Fyrir stefnumótun starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í fiskeldi sem gefin var út 2017 var verið að bjóða að fjárfesta í rekstrinum.
- **Fjárfesta í eldisleyfum:** Eftir stefnumótunina og ekki minnst eftir að lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019 var aðallega verið að bjóða að fjárfesta í eldisleyfum.

Það var á árinu 2016 og jafnvel fyrr að íslenski leppar byrja að skoða þann möguleika að gera eldisleyfin að verðmætum með því skrá laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað. Fram til 2016/2017 var því verið að bjóða íslenskum fjárfestum að fjárfesta í rekstri laxeldisfyrirtækja, en þar var um allt aðra arðsemi að ræða en síðar.

Fulltrúar LF?

Til að tryggja farveginn inn á erlendan hlutabréfamarkað og gera mögulegt að fá hækkun í hafi á verðmætum eldisleyfa komu stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sér í opinberan starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem fulltrúar Landsambands fiskeldisstöðva (LF) og í reynd yfirtóku þeir félagið til að ná fram sínum markmiðum. Stjórnarformennirnir voru skipaðir fulltrúar í

stefnumótunarahópnum í desember 2016, voru í umboði LF, en það fréttist ekkert frá þeirra vinnu fyrr en um vorið þegar þrýst var á um að fá upplýsingar um framgang og stöðu mála. Ritaðar voru fundagerðir, misjafnlega ítarlegar, en þó kemur þar ýmislegt áhugavert fram.

Þriðja fundargerð

Stjórnarformennirnir voru með glærुकynningar á þriðja fundi starfshópsins, þann 27. janúar 2017 og í fundargerð kom m.a. fram í umræðunni: „*hvort þrýstingur á stækkun á Íslandi væri drifinn áfram af fjárfestum. Jafnframt var rætt um hækkun á verði og verðmat fyrirtækja*“. Höfundur hefur fengið afhentar allar fundagerðir stefnumótunarahópsins frá ráðuneytinu og hefur kallað eftir frekari upplýsingum m.a. glærुकynningum stjórnarformannanna. Þær hafa ekki fengist þar sem glærurnar eru ekki gögn sem voru unnin af ráðuneytinu eða fyrir það og eru því ekki aðgengilegar.

Fimmta fundagerð

Á fundi þann 10. febrúar 2017 var umræða um fjármögnun í laxeldi og þar kom m.a. fram

- Hér er vitnað í fundargerð opinbers stefnumótunarahóps. Í árslok 2021 voru verðmæti eldisleyfa Arnarlax um 40 milljarðar króna

að stefnt væri á markað; „*KÓ greindi frá að tímarammi á skráningu Arnarlax væri sumarið 2018*“ en skammstöfunin stendur fyrir Kjartan Ólafsson stjórnarformann fyrirtækisins. Jafnframt var velt fyrir sér verðmæti fyrirtækisins og fram kemur í fundagerð „*KÓ svaraði að markaðurinn mæti það hugsanlega á tugi milljarða*“. Ágæti lesandi hér er verið að vitna í fundagerð opinbers stefnumótunarahóps. Í árslok 2021 voru verðmæti eldisleyfa Arnarlax um 40 milljarða króna.

Sautjándi fundagerð

Ekkert finnst síðan um málið er tengist umræðu um erlenda hlutabréfamarkaði fyrr en í fundagerð frá 14. júlí 2017 þegar Hafrannsóknastofnun kynnir áhættumatíð erfðablöndunar fyrir stefnumótunarahópnum.

14 | UMRÆÐAN

Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson



Valdimar Inga Gunnarsson

Fulltrúar LF?

Til að tryggja farveginn inn á erlendan hlutabréfamarkað og gera mögulegt að fá hækkun í hafi á verðmætum eldisleyfa, komu stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sér í opinberan starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem fulltrúar Landsambands fiskeldisstöðva (LF) og í reynd yfirtóku þeir félagið til að ná fram sínum markmiðum. Stjórnarformennirnir voru skipaðir fulltrúar í stefnumótunarahópnum í desember 2016, þeir sátu í umboði LF en ekkert fréttist af þeirra vinnu fyrr en um vorið þegar þrýst var á um að fá upplýsingar um framgang og stöðu mála. Ritaðar voru fundagerðir, misjafnlega ítarlegar, en þó kemur þar ýmislegt áhugavert fram.

Þriðja fundagerð

Stjórnarformennirnir voru með glærुकynningar á þriðja fundi starfshópsins, þann 27. janúar 2017. Í fundargerð kom m.a. fram í umræðunni: „*hvort þrýstingur á stækkun á Íslandi væri drifinn áfram af fjárfestum. Jafnframt var rætt um hækkun á verði og*

» Hér er vitnað í fundargerð opinbers stefnumótunarahóps. Í árslok 2021 voru verðmæti eldisleyfa Arnarlax um 40 milljarðar króna.

verðmat fyrirtækja“. Höfundur hefur fengið afhentar allar fundagerðir stefnumótunarahópsins frá ráðuneytinu og hefur kallað eftir frekari upplýsingum, m.a. glærुकynningum stjórnarformannanna. Þær hafa ekki fengist, þar sem glærurnar eru ekki gögn sem voru unnin af ráðuneytinu eða fyrir það. Því eru þær ekki aðgengilegar.

Fimmta fundagerð

Á fundi þann 10. febrúar 2017 var rætt um fjármögnun í laxeldi. M.a. kom þar fram að stefnt væri á markað; „*KÓ greindi frá að tímarammi á skráningu Arnarlax væri sumarið 2018*“ en skammstöfunin stendur fyrir Kjartan Ólafsson, stjórnarformann fyrirtækisins. Jafnframt veltu fundargerðir fyrir sér verðmæti fyrirtækisins. Í fundargerðinni segir: „*KÓ svaraði að markaðurinn mæti það hugsanlega á tugi milljarða*“. Ágæti lesandi. Hér er vitnað í fundagerð

opinbers stefnumótunarahóps. Í árslok 2021 voru verðmæti eldisleyfa Arnarlax um 40 milljarðar króna.

Sautjándi fundagerð

Ekkert er að finna í fundargerðum hópsins, sem tengist umræðu um erlenda hlutabréfamarkaði, fyrr en í fundagerð frá 14. júlí 2017, þegar Hafrannsóknastofnun kynnir áhættumatíð erfðablöndunar fyrir stefnumótunarahópnum. Áhættumatinn var settur að vera ótillitumarkert fyrir eldi á frjóm laxi. Fundurinn hjá stefnumótunarahópnum hófst klukkan 9 og var slitið klukkan 12. Í niðurstöðum fundargerðar kemur fram: „*Ákveðið að nefndarmen til senda glærur og áhættumat skýrslu eftir kl. 14 þegar hlutabréfamarkaður í Norgi hefur lokað*“. Af því er þetta er sagt og hvort íslenskir leppar hafi verið kominn í samspiki við hlutabréfamarkað í Norgi á þessum tímapikti, ljiggja ekki fyrir upplýsingar um.

Stefnumótun opinberra

Í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, sem gefin var út þann 21. ágúst 2017, var leðin vörðin inn á erlendan hlutabréfamarkað. Leðin var stöð á fest í sessi með útgáfu laga

um fiskeldi á árinu 2019. Í meginatriðum voru það norskir aðilar sem fjárfesta í laxeldisfyrirtækjum á árinu 2019/2020 og Arctic Fish 2021. Norðmenn skildu verðmæti eldisleyfa og gerðu sér grein fyrir því að hægt væri að ná miklum ávinningi með því að koma laxeldisfyrirtækjum á erlendan markað. Á þessum tímapikti var ekki þótt á íslenskum fjárfestum, nema til að bæta mynd fyrirtækjanna til á við, s.s. að fá lífeyrisgjöld að brennu, rétt áður en félagin fóru á markað.

Að lokum

Í athugasemdom höfundar við fiskeldisfrunvarpið á árinu 2019 var bent á að íslenskir leppar gætu verið bðir að selja og taka til sín ávinning, áður en það myndi á rekstrarfærendur laxeldisfyrirtækjanna. Staðan nú er sú að margir íslenskir leppar og frumkvöðlar eru bðir að selja öll eða stærstan hluta sína hlutabréfa. Í sumum tilvikum hafa þeir meira en tífaldað það sem upphaflega var lagt í félagin.

Höfundur er sjávarútvegsráðgjafi og hefur m.a. unnið við tölulæsi tengt fiskeldi í rúm þrjátíu ár. valdimarinn@stjornarformennir.is

Áhættumatinu var ætlað að vera úthlutunarkerfi fyrir eldi á frjóum laxi. Fundurinn hjá stefnumótunarhópnum hófst klukkan 9 og var slitið klukkan 12. Í niðurstöðum fundargerðar kemur fram „Ákveðið að nefndarmenn fái sendar glærur og áhættumatsskýrslu eftir kl. 14 þegar hlutabréfamarkaður í Noregi hefur lokað“. Af hverju þetta er sagt og hvort íslenskir leppar hafi verið komnir í samskipti við hlutabréfamarkað í Noregi á þessum tímapunkti liggja ekki fyrir upplýsingar um.

Stefnumótunin opnaði leiðina

Í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem gefin var út

þann 21. ágúst 2017 var leiðin vörðuð inn á erlendan hlutabréfamarkað. Leiðin var síðan fest í sessi með útgáfu laga um fiskeldi á árinu 2019. Í meginatriðum voru það norskir aðilar sem voru að fjárfesta í laxeldisfyrirtækjunum á árunum 2016/2017 þar til félögin fóru á erlendan hlutabréfamarkað. Arnarlax fór inn á erlendan hlutabréfamarkað á árinu 2019, Fiskeldi Austfjarða 2020 og Arctic Fish 2021. Norðmenn skildu verðmæti eldisleyfanna og gerðu sér grein fyrir því að hægt væri að ná miklum ávinningi með að koma laxeldisfyrirtækjunum á erlendan markað. Á þessum tímapunkti var ekki þörf á íslenskum fjárfestum nema til

að bæta ímynd fyrirtækjanna út á við s.s. að fá lífeyrissjóði að borðinu rétt áður en félögin fóru á markað.

Að lokum

Í athugasemdum höfundar við fiskeldisfrumvarpið á árinu 2019 var bent á að íslenskir leppar gætu verið búnir að selja og taka út sinn ávinning áður en það reyndi á rekstrarforsendur laxeldisfyrirtækjanna. Staðan er nú að margir íslenskir leppar og frumkvöðlar eru búnir að selja öll eða stærstan hluta sinna hlutabréfa og í sumum tilvikum meira en tífaldað það sem upphaflega var lagt í félögin.



Á árinu 2017 áttu Arnarlax, Arctic Fish, Fiskeldi Austfjarða og Laxar fiskeldi, öll fyrirtækin í meiri-hlutaeigu erlendra aðila, fulltrúa í stjórn Landsambands fiskeldisstöðva. Framleiðsla laxeldisfyrirtækjanna jókst mikið, en áhrif og atkvæðavægi réðist af veltu aðildarfélaga. Laxeldisfyrirtækin voru því í raun búin að yfirtaka LF á árinu 2017. Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða kom sér í opinberan stefnumótunarhóp sem fulltrúar LF og unnu að móta leikreglur, skjalfest í lögum, sjálfum sér og eigendum til fjárhagslegs ávinnings. [Meira hér](#)



Hér er er farið yfir tillögur stefnumótunarhópsins, hvernig þær fóru í gegnum stjórnarsýsluna og mat lagt á stöðuna eins og hún er nú. Í vinnu stefnumótahópsins voru fulltrúar LF, stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sem réðu för. Laxeldisfyrirtæki stjórnarformanna voru búin að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám með um 70% af 140.000 tonnum sem þá voru áform um á árinu 2016 og með setu í stefnumótunarhópnum voru þeir orðnir helstu ráðgjafar stjórnvalda. [Meira hér](#)